

„666, The Number of the Beast“

Iron Maiden og Biblían

Inngangur

Hver eru tengsl Biblíunnar og þungarokkshljómsveitarinnar Iron Maiden? Gjarnan er litið svo á að þetta tvennt, Biblían og þungarokk, feli í sér hugmyndafræðilegar andstæður. En er mögulegt að áhrif Biblíunnar séu svo víðtæk að þau nái til listamanna af þessu tagi og tónlistar þeirra? Hversu umfangsmikil er notkun Iron Maiden á biblíutextum og hvernig vinnur hljómsveitin úr textum Biblíunnar? Hvaða áhrif hafa biblíutilvísanir hljómsveitarinnar haft fyrir ímynd hennar? Í þessari grein verður leitast við að svara þessum spurningum með því að greina þá texta Iron Maiden sem innihalda tilvitnanir í Biblíuna. Áhersla er lögð á þann texta hljómsveitarinnar sem inniheldur þekktustu biblíutilvitnun hennar, lagið „The Number of the Beast“, þar sem áhrif lagsins á ímynd hljómsveitarinnar verða einnig skoðuð. Að þeirri greiningu lokinni verða aðrar tilvitnanir og skírskotanir til Biblíunnar stuttlega kannaðar.

„The Number of the Beast“ og talan 666

Woe to You Oh Earth and Sea
for the Devil sends the beast with wrath
because he knows the time is short.
Let him who hath understanding
reckon the number of the beast
for it is a human number,
its number is six hundred and sixty six.

Þannig hefst lagið „The Number of the Beast“ með bresku þungarokkshljómsveitinni Iron Maiden. Lagið naut mikilla vinsælda þegar það var gefið út árið 1982 og voru vinsældirnar ekki síðri í Bandaríkjunum en í Evrópu. Þetta var á blómatíma þungarokksins og velgengni Iron Maiden skaut upp í topp með útgáfu samnefndrar plötu, *The Number of the Beast*. Núna rúmum 30 árum síðar er hljómsveitin enn gríðarlega vinsæl og fyllir tónleikastaði hvert sem hún fer. Sjálfur fór ég t.a.m. á tónleika með þeim í Gautaborg, Svíþjóð, árið 2008 þar sem þeir fóru létt með að fylla heilan fótboltaleikvang (Ullevi). Hátt í 70.000 manns voru á þeim tónleikum. Til samanburðar má geta þess að hin vinsæla rokkhljómsveit Green Day hélt tónleika á sama stað ári síðar en fyllti einungis helminginn af vellinum (sem þó taldist mikið). Meðlimir Iron Maiden voru lengst af fimm en eru núna sex, með þá óvenjulegu uppsetningu að hafa þrjá gítarleikara. Primus motor hljómsveitar-

innar er bassaleikarinn Steve Harris, þekktur fyrir sinn fjöruga og kraftmikla bassaleik og fyrir að færa bassann úr aukahlutverki í aðalhlutverk. Harris er höfundur flestra laga sveitarinnar en það er einmitt hann sem er höfundur lagsins „The Number of the Beast“.

Tilvísunin í töluna 666, tölu dýrsins, kemur sem kunnugt er frá síðasta riti Biblíunnar, Opinberunarbókinni, nánar tiltekið frá 13.18, en fyrri hluti textans sem við sáum hér fyrir ofan er umorðun á Opinberunarbókinni 12.12. Opinberunarbókin er full af talnamystík og túlkanir á tilvísun tölunnar 666 hafa verið margar í gegnum söguna, t.a.m. að talan sé tilvísun í kaþólska páfadaemið, Napóleón, Hitler, Stalín eða Saddam Hussein.¹ Á sama hátt var það vinsælt meðal sumra Bandaríkjamanna á 8. áratug síðustu aldar að túlka tíu horn dýrsins (13.1) sem tilvísun í tíu aðildarlönd Evrópusambandsins. Nýjatestamentisfræðingar eru þó almennt sammála um það að með tölunni 666 sé verið að vísa í Neró Rómarskeisara: Bæði á grísku og hebresku voru tölur tilgreindar með bókstöfum. Þannig var hægt að segja að ákveðið nafn hefði ákveðna tölu. Það er lítil vafi á því að sérhver sem þekkti til þessa hefði áttað sig á því að verið var að vísa í tiltekið nafn með tölunni 666. Talan 666 á hebresku jafngildir nafninu Nerón en þannig var nafnið skrifað á hebresku (þess má geta að sum handrit nefna töluna 616, sem gefur nafnið Neró, án bókstafsins „n“ í lokin). Á þessum tíma var Neró keisari erkióvinur hinna kristnu, sérstaklega sökum þess að hann hafði sakað þá um að hafa komið brunanum mikla af stað í Róm árið 64 en samkvæmt hinum gyðinglegu sybillínsku véfréttum átti Neró að snúa aftur frá dauðum. Höfundur Opinberunarbókarinnar var að öllum líkindum að spila á þessar hefðir og þennan skilning. Neró er gerður að persónugervingi fyrir Rómarríkið og keisaradæmi Rómars. Líkt og Róm á dýrið í stríði við hina heilögu (13.7), það hefur vald yfir „sérhverri kynkvísl og lýð, tungu og þjóð“ (ibid.), neyðir alla til að tilbiðja sig (v. 15) og „kemur því til leiðar að enginn geti keypt eða selt nema hann hafi merkið, nafn dýrsins, eða tölu nafns þess“ (v. 17). Hér er tala dýrsins og nafn tengt saman með því að tala sérstaklega um „tölu nafns þess“ (τὸν ἀριθμὸν τοῦ ὀνόματος αὐτοῦ).

Jafnvel þótt upphaflegir lesendur og áheyrendur Opinberunarbókarinnar hafi gert sér grein fyrir þessum tengslum tölunnar 666 við keisarann Neró er slíkur bakgrunnur almennt séð að mestu óþekktur nú á dögum. Fólk tengir enn töluna 666 við ólík fyrirbæri í heiminum en algengast er að hún sé tengd við sjálfan djöfulinn. Svipað gildir um notkun Steve Harris og Iron Maiden á textanum. En þó virðist ekki vera um það að ræða að 666 sé skilið sem tala djöfulsins sjálfs heldur sé það útsendari djöfulsins sem ber töluna, líkt og Neró var skilinn sem útsendari djöfulsins til forna. Þetta sjáum við annars vegar á því að versunum 12.12 og 13.18 er skeytt saman þannig að út kemur heildarmyndin: „Woe to You Oh Earth and Sea for the Devil sends the beast with wrath because he knows the time is short ... Let him who hath understanding reckon the number of the beast for it is a human number, its number is six hundred and sixty six.“ Þ.e.a.s. í 12.12 kemur fram að djöfullinn sendir dýrið frá sér en í 13.18 kemur svo fram að númer dýrsins er 666. Þetta sést líka á því að höfundur lagsins, Steve Harris, hefur umorðað vers 12.12. Í gríska textanum kemur ekkert fram um útsendara djöfulsins heldur einungis það að djöfullinn sjálfur stígur niður. Í 12.12 stendur: „Vei sé jörðinni og hafinu því að djöfullinn er stíginn niður til ykkar í miklum móð því að hann veit að hann hefur nauman tíma.“ Þessi breyting á textanum felur það sem sagt í sér að það sé útsendari djöfulsins sem hefur töluna 666 en

¹ Sjá Bart D. Ehrman, *The New Testament: A Historical Introduction to the Early Christian Writings* (New York: Oxford University Press, 5. útg. 2012), 501.

ekki djöfullinn sjálfur. Er mögulegt að Harris hafi þekkt til þeirrar útskýringar fræðimanna að tala dýrsins hafi staðið fyrir keisarann Neró til forna? Yfir því getum við aðeins velt vöngum en líklegra er að hann hafi hér verið að fylgja tilvitnun í Opinberunarbókina í kvikmyndinni *Omen II* þar sem handritshöfundur *Omen II*, David Seltzer að nafni, hafði einmitt skeytt textunum saman á þennan hátt.² Við komum aftur að kvikmyndinni *Omen* hér á eftir.

Djöfladýrkun?

Eins og áður sagði voru vinsældir lagsins miklar þegar það kom út árið 1982. En liðsmenn Iron Maiden óraði ekki fyrir þeim látum og vandræðum sem lagið átti eftir að skapa. Fljótlega eftir útkomu lagsins hófu menn að saka hljómsveitarmeðlimi um að vera djöfladýrkendur og satanistar. Þetta átti sér einkum stað í Bandaríkjunum þar sem fólk tók upp á því að brenna plötuna á bálköstum víðs vegar um landið. Brennumenn voru að megninu til kristnir öfgahópar en aðfarirnar vöktu mikla athygli í fjölmiðlum og höfðu öfgahóparnir þannig áhrif á marga með háttsemi sinni. Ýmsar sögur tóku auk þess að berast um tengsl Iron Maiden við yfirnáttúruleg öfl. Þannig var sagt frá því að ljósin í upptökuverinu hafa blikkað sí og æ á meðan á upptökum plötunnar stóð og ýmis upptökubúnaður hafi tekið upp á því að bila. Auk þess barst það fólki til eyrna að upptökustjóri hljómsveitarinnar, Martin Birch, hefði lent í slysi þegar bíll hans keyrði á litla rútu fulla af nunnum og að reikningurinn fyrir viðgerðina á bílnum hafi verið 666 pund!³ Meðlimir hljómsveitarinnar ypptu öxlum og skemmtu sér yfir sögusögnum af þessu tagi en tóku ásökunum um djöfladýrkun af meiri alvöru. Slíkar ásakanir voru og eru enn tíðar gagnvart þungarokkshljómsveitum, sérstaklega í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Sumar af þessum hljómsveitum kalla beinlínis á slíkar ásakanir, annars vegar með skýrum hvatningum til djöfladýrkunar og skýru látbragði þess eðlis á tónleikum og hins vegar með villtu líferni. Hvorugt átti við um Iron Maiden. Efni lagsins „The Number of the Beast“ hvatti ekki til djöfladýrkunar og fáar þungarokkshljómsveitir eru þekktar fyrir jafn „stabílt“ líferni og Iron Maiden.⁴ Eins og Harris útskýrði fyrir fjölmiðlum var lagið um draum sem hann dreymdi eftir að hafa séð kvikmyndina *Damien: Omen II*.⁵ Einnig voru viss áhrif frá ljóðinu „Tam O’ Shanter“ eftir skoska 18. aldar ljóðskáldið Robert Burns.⁶ Fyrirbærið djöfladýrkun kemur vissulega fyrir í laginu en sögumaður lagsins er eingöngu áhorfandi að slíku og veltir fyrir sér að segja yfirvöldum frá athæfinu. Annars fjallar lagið að mestu um óttann, óttann við djöfulinn og óttann við djöfladýrkendurna:

² Michel Delving, *The Devil Incarnate* (n.p.: lulu.com, 2006), 31.

³ Neil Daniels, *Killers: The Origins of Iron Maiden: 1975–1983* (London: Soundcheck books, 2014), 105.

⁴ Þess má geta í því sambandi að þegar söngvarinn Paul Di’Anno (1978–1981) tók að lifa villt með tilheyrandi áfengis- og vímuefnaneyslu var hann látinn fara úr hljómsveitinni; sjá frekar Jake Brown, *Iron Maiden in the Studio: The Stories Behind Every Album* (London: John Blake, 2011), 26.

⁵ Joe Shooman, *Bruce Dickinson: Biografin om sängaren i Iron Maiden* (þýð. Helen Ljungmark; Stockholm: Pocketförlaget, 2011), 122; Brown, *Iron Maiden in the Studio*, 32.

⁶ Daniels, *Killers*, 107.

I left alone
my mind was blank
I needed time to think to get the memories from my mind.
What did I see?
Can I believe?
That what I saw that night was real and not just fantasy.

Just what I saw
in my old dreams
were they reflections of my warped mind staring back at me?
'Cause in my dreams
it's always there
the evil face that twists my mind and brings me to despair.

Night was black
was no use holding back
'Cause I just had to see
was someone watching me.
In the mist
dark figures move and twist
was all this for real
or just some kind of hell.
6-6-6 the Number of the Beast
Hell and fire was spawned to be released.

Torches blazed and
sacred chants were praised
as they start to cry
hands held to the sky
In the night
the fires burning bright
the ritual has begun
Satan's work is done.
6-6-6 the Number of the Beast
Sacrifice is going on tonight.

This can't go on
I must inform the law
Can this still be real
or just some crazy dream?
But I feel drawn
towards the chanting hordes
they seem to mesmerize ... can't avoid their eyes
6-6-6 the Number of the Beast
6-6-6 the one for you and me.

I'm coming back
I will return
And I'll possess your body
and I'll make you burn
I have the fire
I have the force
I have the power
to make my evil take its course.

Það voru án efa fáein atriði sem saman gerðu það að verkum að kristnir öfgahópar tóku að saka hljómsveitina um djöfladýrkun: (1) Innihald textans sem gat verið túlkaður sem hvatning til djöfladýrkunar, *ef* túlkunin var óvönduð og gerð í fljótræði; (2) drungaleg byrjun lagsins þar sem enski leikarinn Barry Clayton les versin um tölu dýrsins og Bruce Dickinson söngvari rekur upp sitt mikla öskur – sem þó er hægt að bera saman við lagið „Thriller“ sem Michael Jackson gaf út sama ár: Það innihélt álíka drungalega byrjun með djöfullegum hlátri án þess þó að Jackson fengi á sig einhvern stimpil þar að lútandi; (3) sú staðreynd að hér var um þungarokkshljómsveit að ræða en þungarokkshljómsveitir mættu víða miklum fordómum að þessu leyti og gera enn í dag; og (4) sjálft plötuumslagið:



Á plötuumslaginu má sjá logandi jörð þar sem djöfullinn stendur rauðlitaður með þrífork og hala en fyrir aftan hann stendur ófrýnileg skepna sem líkist einna helst uppáklæddri beinagrind með litlu magni af holdi utan á sér. Þessi skepna er mun stærri en djöfullinn. Hún er síðhærð, klædd í gallabuxur og stuttermabol, líkt og dæmigerður rokkari. Skepna þessi er tilbúningur grafífsks hönnuðar Iron Maiden, Derek Riggs að nafni, og kemur hún fyrir á velflestum plötum hljómsveitarinnar og gengur undir nafninu Eddie. Þrátt fyrir hræðilegt útlit og afstöðu skepnunnar má segja að Eddie sé eins konar lukkudýr hljómsveitarinnar. Ef plötuumslagið er skoðað nánar sést að djöfullinn heldur í strengi sem stýra lítilli strengjabrúðu sem reynist vera lítil útgáfa af Eddie. Þar með er gefið í skyn að Eddie sé stýrt af djöflinum. En á sama tíma hangir djöfullinn sjálfur í strengjum sem

stóri Eddie heldur í. Myndin tjáir því vangaveltur um það hver hinn illi sé í raun og veru og hver stýri hverjum. Í raun og veru er gert lítið úr djöflinum með þessu.

Plötuumslagið er vissulega sláandi eins og flest umslög Iron Maiden og var væntanlega ætlað að vera það (til að vekja athygli). En það tjáir ekki djöfladýrkun og hvetur ekki til djöfladýrkunar. Á hinn bóginn er nokkuð ljóst að hljómsveitin og aðstandendur hennar eru að leika sér með eldinn hvað þetta varðar. Og það gera þeir án efa í markaðsskyni. Þegar kristnir öfgamenn tóku að brenna plötur hljómsveitarinnar jók það ekki einungis beina sölu plötunnar, því til þess að geta brennt plötuna þurfti fólk að kaupa hana, heldur vakti þetta svo mikla athygli í fjölmiðlum vestra að umfjöllunin var í raun betri en nokkur auglýsing, jafnvel þótt hún væri á neikvæðum nótum. Fyrir margan unglínginn var það einmitt meira lokkandi ef opinber umfjöllun var neikvæð. En að vera sakaðir um djöfladýrkun virðist samt sem áður alltaf hafa farið dálítið fyrir brjóstið á meðlimum Iron Maiden og hafa þeir stött og stöðugt hafnað því. Stuðningur við þá höfnun er sú staðreynd að trommuleikari hljómsveitarinnar síðan 1983, Nicko McBrain, hefur lýst sig kristinn síðastliðin 15 ár.⁷

Önnur trúarleg stef í textum Iron Maiden

En hversu mikilvægur yfirleitt er hinn trúarlegi þáttur í lagasmíðum Iron Maiden? Þ.e.a.s. hversu oft rekumst við á biblíutilvísanir, beinar eða óbeinar, eða trúarleg stef eins og kosmíska baráttu góðs og ills þar sem Guð og djöfulinn koma við sögu? Almennt getum við sagt að efnistöð hljómsveitarinnar séu fjölbreytt en mannkynssagan er áberandi þema, einkum stríðsátök. Gjarnan er vísað í söguna í því sambandi, eins og seinni heimstyrjöldina. Einnig er sungið um átök af öðrum toga, nefnilega innri átök manneskjunnar við sjálfa sig. Það væri rangt að segja að trúarlegi þátturinn sé ríkjandi hjá hljómsveitinni en þó kemur hann fyrir endrum og eins. Af 15 breiðskífum sveitarinnar kemur trúarlegt efni (í ofangreindum skilningi) fyrir í u.þ.b. 22 lögum, oft í tengslum við djöfulinn og helvíti og baráttu góðs og ills. Athygli vekur að þessi 22 lög eru flest samin á síðari hluta starfstíma hljómsveitarinnar í breiðskífum talið, frá árinu 1988 og áfram. Bassaleikarinn Steve Harris kemur að samningu flestra þeirra. Svo virðist sem hinn trúarlegi þáttur hjá Harris og félögum verði sterkari eftir því sem árin líða.

Þetta eru lögín sem innihalda trúarlegar tilvísanir, bæði almennar tilvísanir í þætti eins og Guð, djöfulinn og baráttu góðs og ills, sem og beinar tilvitnanir í Biblíuna:

- „The Number of the Beast“ (*The Number of the Beast*, 1982, höf. Harris),
- „Hallowed Be Thy Name“ (*The Number of the Beast*, 1982, höf. Harris),
- „Moonchild“ (*Seventh Son of a Seventh Son*, 1988, höf. Smith/Dickinson),
- „Only the Good Die Young“ (*Seventh Son of a Seventh Son*, 1988, höf. Harris/Dickinson),
- „Holy Smoke“ (*No Prayer for the Dying*, 1990, höf. Harris/Dickinson),
- „No Prayer for the Dying“ (*No Prayer for the Dying*, 1990, höf. Harris),
- „Fates Warning“ (*No Prayer for the Dying*, 1990, höf. Murray/Harris),
- „Afraid to Shoot Strangers“ (*Fear of the Dark*, 1992, höf. Harris),
- „From Here to Eternity“ (*Fear of the Dark*, 1992, höf. Harris),
- „Judas Be My Guide“ (*Fear of the Dark*, 1992, höf. Dickinson/Murray),

⁷ Daniels, *Killers*, 121.

- „Sign of the Cross“ (*The X Factor*, 1995, höf. Harris),
- „Judgement of Heaven“ (*The X Factor*, 1995, höf. Harris),
- „The Fallen Angel“ (*Brave New World*, 2000, höf. Murray/Dickinson),
- „Montségur“ (*Dance of Death*, 2003, höf. Gers/Harris/Dickinson),
- „New Frontier“ (*Dance of Death*, 2003, höf. McBrain/Smith/Dickinson),
- „The Pilgrim“ (*A Matter of Life and Death*, 2006, höf. Gers/Harris),
- „Brighter than a Thousand Suns“ (*A Matter of Life and Death*, 2006, höf. Smith/Harris/Dickinson),
- „The Reincarnation of Benjamin Breeg“ (*A Matter of Life and Death*, 2006, höf. Murray/Harris),
- „For the Greater Good of God“ (*A Matter of Life and Death*, 2006, höf. Harris),
- „Lord of Light“ (*A Matter of Life and Death*, 2006, höf. Smith/Harris/Dickinson),
- „Mother of Mercy“ (*The Final Frontier*, 2010, höf. Smith/Harris),
- „Starblind“ (*The Final Frontier*, 2010, höf. Smith/Harris/Dickinson).

Við skulum einbeita okkur að lögum með biblíulegar tilvísanir. Trúarlegar skírskotanir eru að sjálfsögðu í mismiklum mæli í þessum lögum en nokkur lög skera sig úr hvað biblíulegar tilvísanir varðar. Þannig er heiti lagsins „Hallowed Be Thy Name“ augljóslega fengið að láni frá Faðirvorinu (Matt 6.9–13; Lúk 11.2–4), „Helgist þitt nafn“. Lagið, sem kom út á plötunni *The Number of the Beast* og er eftir Harris, fjallar um fanga sem stendur frammi fyrir því að vera tekinn af lífi innan skamms. Lýst er innri baráttu mannsins á átakanlegan hátt þar sem staða hans fær hann m.a. til að efast um tilvist Guðs (sjá feitletrað):

I'm waiting in my cold cell when the bell begins to chime
 Reflecting on my past life and it doesn't have much time
 Cause at 5 o'clock, they take me to the Gallows Pole
 The sands of time for me are running low.

When the priest comes to read me the last rites
 I take a look through the bars at the last sights
 Of a world that has gone very wrong for me.

Can it be that there's some sort of error,
 Hard to stop the surmounting terror.
 Is it really the end, not some crazy dream?

Somebody please tell me that I'm dreaming,
 It's not easy to stop from screaming,
 The words escape me when I try to speak.
 Tears flow, but why am I crying,
 After all I'm not afraid of dying,
 Don't I believe that there never is an end.

As the guards march me out to the courtyard
Somebody cries from a cell "God be with you"
If there's a God then why has he let me go?

As I walk my life drifts before me,
Though the end is near I'm not sorry,
Catch my soul, it's willing to fly away.

Mark my words, believe my soul lives on,
Don't worry now that I have gone,
I've gone beyond to seek the truth.

When you know that your time is close at hand
Maybe then you'll begin to understand
Life down here is just a strange illusion.
Yeah hallowed be thy name,
Yeah hallowed be thy name.

Þrátt fyrir efasemdir um tilvist Guðs er sögumaður lagsins ekki hræddur við að deyja: „tears flow but why am I crying, after all I'm not afraid of dying“. Hann er fullviss um áframhaldandi líf sálarinnar og fullyrðir að lífið á jörðu niðri sé ekkert annað en blekking. Hann kveður að lokum jarðlífið með orðunum „já, helgist þitt nafn, já, helgist þitt nafn“.

Í laginu „Only the Good Die Young“ af plötunni *Seventh Son of a Seventh Son* frá árinu 1988 (eftir Harris og söngvarann Bruce Dickinson) er það harmað að aðeins hinir góðu deyi ungir á meðan hinir illu virðist lifa að eilífu. Í laginu koma fyrir eftirfarandi línur:

If I cancel tomorrow the undead will thank me today
Fly in the face of your prophets I mock your morality plays

The moon is red and bleeding

The sun is burned and black

The book of life is silent

No turning back

Hér er verið að vísa í biblíulega hefð sem lýsir því hvað muni gerast við endalok heimsins. Samkvæmt Jóel 3.4 munu endalokin sjást á himintunglunum: „Sólin verður myrk og tunglið sem blóð áður en dagur Drottins kemur, hinn mikli og ógurlegi“. Pétur postuli vitnar í þennan texta samkvæmt Postulasögunni 2.20 og höfundur Opinberunarbókarinnar nýtir sér hann sömuleiðis í lýsingu sinni á hinum hinstu tímum: „Og ég sá er lambið rauf sjötta innsiglið að mikill landskjálfti varð og sólin varð svört sem hærusekkur og allt tunglið varð sem blóð“ (6.12). „Bók lífsins“ er einnig sótt úr biblíu hefð og kemur hún m.a. fyrir í Davíðssálmi 69 þar sem mælandi sálmsins biður fyrir því að óvinir hans verði „afmáðir úr lífsins bók“ (v. 29). Einnig kemur lífsins bók fyrir hjá Páli postula (Fil 4.3) og í talsvert ríku mæli í Opinberunarbókinni (3.5; 13.8; 17.8; 20.12, 15) en í 20.15 er útskýrt nánar hvað hendur þá sem ekki eru skráðir í bók lífsins: „Ef einhver fannst ekki skráður í lífsins bók var honum varpað í eldsdíkíð“ þangað sem dauðanum og helju hafði verið kastað en „eldsdíki er hinn annar dauði“ (v. 14). Síðar í lagi Iron Maiden segir: „Walking on water are miracles all you can trust“, sem greinilega vísar í frásagnir af Jesú gangandi á vatni (Matt 14.22–33; Mark 6.45–52; Jóh 6.16–21).

Auk þessa má nefna að í laginu „Afraid to Shoot Strangers“ (*Fear of the Dark*, 1992, höf. Harris), sem lýsir innri baráttu hermanna sem hefur verið sendur út til að deyða, kemur þetta vers fyrir: „God let us go now and finish what's to be done, Thy Kingdom Come, Thy shall be done, on earth“, sem greinilega vísar í bænina Faðir vor (Matt 6.10; Lúk

11.2). Og í lagiinu „The Pilgrim“ (*A Matter of Life and Death*, 2006, höf. Gers/Harris), sem lýsir baráttu góðs og ills, koma fyrir eftirfarandi vers:

Liberty and hope divine
Changing the water into wine
So to you we bid farewell
Kingdom of heaven to hell
...
Now give us our holy sign
Changing the water into wine
So to you we bid farewell
Kingdom of heaven to hell

Hér er greinilega verið að vísa í frásögnina af því er Jesús breytti vatni í vín í brúðkaupinu í Kana (Jóh 2.1–10), en í síðara erindinu er talað um atburðinn sem „heilagt tákn“ sem samsvarar orðum Jóhannesar um kraftaverk Jesú sem „tákn“ (*semeion*).

Niðurlag

Allt í allt má segja að trúarlegra og biblíulegra áhrifa gæti í nokkrum mæli hjá þungarokkshljómsveitinni Iron Maiden en best þekktu áhrifin er að finna í lagiinu „The Number of the Beast“ frá árinu 1982 þar sem lagahöfundur notar og vinnur með texta úr Opinberunarbókinni. Þessi notkun á Opinberunarbókinni hefur haft mikil áhrif á ímynd hljómsveitarinnar út á við. Allt er þetta vottur um það hversu víðtæk áhrif Biblíunnar eru.